

Mál nr. 316/2016
M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Smiðjuveg og Nýbýlavegar 22.8.2016.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 27.9.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V2, dags. 10.10.2016, ásamt tjónstilkynningu, mynd af gatnamótum og niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaganna.
3. Tölvupóstur V1, dags. 10.10.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að báðum bifreiðum var ekið til vesturs á samhliða akreinum þegar ökumaður bifreiðar A hugðist aka beint áfram yfir gatnamót Smiðjuveg og Nýbýlavegar en ökumaður bifreiðar B hugðist beygja til vinstri suður Nýbýlaveg. Ökumaður bifreiðar A telur ökumann bifreiðar B hafa ekið utan í bifreið sína og ökumaður bifreiðar B telur að ökumaður bifreiðar A hafi ekið utan í bifreið sína.

M (ökumaður bifreiðar A) telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum og vísar til þess að hún hafi verið komin inn á gatnamótin og hafi ekið í beinni línu þegar bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A. Framstuðari og stigbretti á bifreið B hafi rekist í afturbretti og afturhurð bifreiðar A og bendi það til þess að M hafi ekki sýnt sök vegna árekstursins.

V1 tekur undir sjónarmið M, en gerir ekki frekari athugasemdir. V2 telur hins vegar ósannað hvar áreksturinn varð og telur ákomur á bifreiðunum ekki sanna hvor ökumanna ók utan í hinn og vegna þeirrar óvissu verði að skipta sök til helminga.

Álit.

Í framburðum ökumanna í tjónstilkynningu kemur fram að M, ökumaður bifreiðar A, segir að bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið sína, nánar tiltekið: „...ég er farinn af stað þegar ég finn að vörubifreiðin kemur utan í mig.“. Ökumaður bifreiðar B segir hins vegar: „Ég er lagður af stað í vinstri beygju en heyri þá eitthvað þrusk á hægri hönd við mig.“ Þegar litið er til þessa er ekki ljóst hvar nákvæmlega áreksturinn varð á gatnamótunum og hvor ökumaður ók lengra til hægri, eða vinstri eftir atvikum, en hann átti að gera m.t.t. umferðar um gatnamótin. Þó ákoma hafi verið á afturhluta bifreiðar A breytir það ekki því að ekki verður ráðið með nægilega skýrum hætti hvort ökumaður ók utan í bifreið hins. Vegna þessarar sönnunarstöðu verður að skipta sök vegna árekstursins til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðar A og bifreiðar B.

Reykjavík 28. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.